



Fundargerð 31. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Zoom 20. febrúar 2024 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Jón Þór Jónsson (JÞJ), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS)

Mættir varamenn: Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR).

Fjarverandi: Halldór Jóhannsson (HJ) aðalmaður og og Kolbrún Vignisdóttir (KV) varamaður.

AS ritaði fundargerð.

1. Ársþing

Farið yfir þau gögn og mál sem þurfa að fylgja með seinna fundarboði, s.s. ársreikning, fjárhagsáætlun, afreksstefnu og lagabreytingar.

Eftirfarandi framboð til stjórnar bárust innan tilskilins frests:

- Formaður: Jón Þór Jónsson
- Sæti til tveggja ára: Tryggvi M Þórðarson, Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir, Halldór Hauksson, Hanna Rún Ragnarsdóttir, Aðalsteinn Símonarson, Páll Jónsson, Baldvin Hansson
- Varamenn: Hanna Rún Ragnarsdóttir, Valdemar Johnsen

Ákveðið að leggja til breytingu á lögum sambandsins þar sem 5. grein er skipt upp en engar efnislegar breytingar eru því samfara.

2. Breyting á keppnisdagatali

Bílaklúbbur Akureyrar (BA) og Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar (AÍH) hafa sent inn erindi með ósk um breytingu á keppnisdagatali þar sem óskað er eftir að halda dagsetningum en breyta staðsetningu keppna í rallycrossi. Breytingin hljóðar uppá að BA haldi keppni 18. ágúst og AÍH 14. september.

Stjórn ákvað að samþykkja þessa breytingu.

AHH fór af fundi.

3. Reglubreytingar

Farið yfir aðeins breyta útfærslu á Reglum um kjör á Akstursíþróttafólki ársins og þær samþykktar til kynningar og birtingar að fengnu álit frá Regluráði.

Farið yfir tillögur að breytingum á Reglugerð um keppnisráð og þær samþykktar til kynningar og birtingar að fengnu álit frá Regluráði.

Samþykkt að birta nýlega samþykka breytingu á Keppnisgreinarreglum fyrir rally.



4. Önnur mál

Birting fundargerða stjórnar - Rætt um flokkun fundargerða á www.akis.is, starfsmanni falið að samræma.

Reglur um öryggisbúnað - Rætt vítt og breytt um aldur öryggisbúnaðar, staðla og notkunartíma.

Næsti fundur 5. mars kl. 19.30

Fundi slitið kl. 21.12